



**Til: Bæjarráðs**

**Frá: Bæjarstjóra**

**Efni: 1502219 - Málefni Hafnarfjarðarhafnar, starfsmannamál o.fl.,  
fyrirspurn. Svar við fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarstjórn 4.03.2015**

Á fundi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 4.3.2015 lögðu bæjarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs fram bókun með eftirfarandi spurningum:

Spurningarnar og svörin við þeim (feitletuð) fara hér á eftir:

1. Er það rétt sem komið hefur fram í fjölmiðlum að kjörnir fulltrúar í hafnarstjórn hafi sent starfsmanni Hafnarfjarðarhafnar bréf sem innihélt tilkynningu um fyrirhugaða áminningu?  
**Sjá meðfylgjandi greinargerð hafnarstjóra og minnisblað frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

2. Ef svo er, á grundvelli hvaða heimildar í lögum og hafnarreglugerð gerðu fulltrúarnir það?  
**Sjá meðfylgjandi minnisblað frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

3. Tók bæjarstjóri þátt í undirbúningi málsins?  
**Starfsmannamál á höfninni heyra ekki undir bæjarstjóra.**

4. Tók hafnarstjóri þátt í undirbúningi málsins?  
**Sjá meðfylgjandi greinargerð frá hafnarstjóra.**

5. Telur bæjarstjóri það samrýmast gildandi hafnarreglugerð og hafnarlögum að bæjarstjóri hafi frumkvæði að rannsókn og hlutist til um málefni starfsmanna hafnarfjarðarhafnar?  
**Aðkoma bæjarstjóra að málinu snéri að öryggismálum í Ráðhúsi Hafnarfjarðarkaupstaðar.**

6. Í bókun oddvita Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks í bæjarráði kemur fram að hafnarstjórn hafi notið liðsinnis lögfræðiráðgjafar af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með hvaða hætti var sú ráðgjöf og að hvaða leiti komu lögfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga að því að vinna að undirbúningi fyrirhugaðrar áminningar?  
**Sjá meðfylgjandi greinargerð hafnarstjóra og minnisblað frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

7. Hefur ráðgjafafyrirtækið R3 sem hefur veitt bæjarstjóra ráðgjöf í tengslum við yfirstandi rekstrarúttekt tekið viðtöl við starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar? Ef svo er, hvar hafa viðtölin farið fram?  
**Ráðgjafafyrirtækið R3 hefur eingöngu tekið viðtöl við starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluþjónustu. Viðtölin hafa farið fram á starfsstöðvum (skrifstofum/fundarherbergjum) viðkomandi starfsmanna.**

8. Hefur ráðgjafafyrirtækið R3 sem hefur veitt bæjarstjóra ráðgjöf í tengslum við yfirstandi rekstrarúttekt eitthvað komið að málefnum Hafnarfjarðarhafnar, t.d. með viðtölum við starfsmenn Hafnarfjarðarhafnar?  
**Ráðgjafafyrirtækið hefur ekki komið að málefnum Hafnarfjarðarhafnar.**



9. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á rekstri Hafnarfjarðarhafnar á undanförunum mánuðum, hver er tilgangur þeirra og hvernig hefur verið staðið að ákvörðunum um þær?

**Sjá fundargerðir stjórnar Hafnarfjarðarhafnar frá 09.12.2014 og 14.01.2015.**

10. Var fulltrúum í hafnarstjórn kynntir kostir og gallar nýs fyrirkomulags við framkvæmd bókhalds og reikningsskila áður en ákvörðun þar að lútandi var tekin og breytingarnar gerðar?

**Sjá fundargerðir stjórnar Hafnarfjarðarhafnar frá 09.12.2014 og 14.01.2015.**

11. Var gerður þjónustusamningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar vegna þeirra rekstrarþátta sem Hafnarfjarðarbær sinnir nú fyrir Hafnarfjarðarhöfn?

**Þjónustusamningur hefur ekki verið gerður.**

12. Hafa breytingar á verklagi varðandi bókhaldskerfi, launakerfi og tímskráningarkerfi vegna Hafnarfjarðarhafnar orðið til þess að starfsmenn Hafnarfjarðarhafnar fái greidd laun, reikningar gefnir út og reikningar greiddir frá kennitölu Hafnarfjarðarbæjar í stað Hafnarfjarðarhafnar?

**Hafnarfjarðarbær hefur lengi séð um launaútreikninga fyrir Hafnarfjarðarhöfn. Eina breytingin er að tekið hefur verið upp nýtt launakerfi (forrit). Með tímskráningakerfi skila gögn um vinnutíma starfsmanna beint í launakerfið eftir að yfirmenn Hafnarfjarðarhafnar hafa staðfest þau. Reikningar eru gefnir út og greiddir frá kennitölu Hafnarfjarðarhafnar. Hins vegar urðu hnökrar í upphafi varðandi útsendingu reikninga en það hefur verið lagað nema hvað varðar reikninga vegna lóðaleigu.**